

Eldfærin eftir H. C. Andersen

Leikgerð Rannveig Þorkelsdóttir

Dátinn: einn, tveir, einn, tveir!

Kerling: Góðan daginn, dáti sæll! En hvað korðinn þinn er fallegur og hertaskan þín stór; þú ert almennilegur dáti. Nú skaltu fá svo marga peninga sem þig lystir að eiga."

Dátinn: Þakka þér fyrir, gamla kerlingarnorn!"

Kerling: Sérðu stóra tréð þarna? Það er alveg holt að innan. Þú skalt klifra upp í toppinn, þá muntu sjá op, og geturðu svo rennt þér niður um það og komist langt niður í tréð. Ég skal bregða reipi yfir þig miðjan, svo ég geti dregið þig upp aftur, þegar þú kallar til mín.

Dátinn: Og hvað á ég að gera niður í tréð?

Kerling: Sækja peninga því það get ég sagt þér að þegar þú ert kominn niður á botn trésins þá er þar gangur mikill og víður; þar er albjart því þar logar á lömpum svo hundruðum skiptir. Þá muntu sjá þrjár dyr og geturðu lokið þeim upp því lykillinn stendur í skránni. Farirðu inn í fyrsta herbergið þá muntu sjá þar á gólfinu stóra kistu. Á henni situr hundur og eru augu hans eins stór og tvær undirskálar en um það skaltu ekki hirða. Ég ætla að lána þér blátíglóttu svuntuna mína þú getur breitt hana á gólfið. Gakktu svo djarfmannlega að hundinum og taktu hann og settu hann á svuntuna mína þar næst skaltu ljúka upp kistunni og taka svo marga skildinga sem þú vilt. Það eru tómir koparskildingar en viljirðu heldur silfur þá skaltu fara inn í næsta herbergi. Þar situr hundur með augu, sem eru einsstór og mylluhjól, en kærðu þig ekkert um það, settu hann á svuntuna mína og taktu sem þér líkar af peningunum.



En viljirðu þar á móti hafa gull, þá geturðu líka fengið það, og það eins mikið og þú getur borið, og verðurðu til þess að fara inn í þriðja herbergið. En hundurinn, sem þar situr á peningakistunni, hefur tvö augu, sem eru eins stór og Sívaliturn hvort um sig. Það er almennilegur hundur, því máttu trúá, en kærðu þig ekkert um það heldur settu hann niður á svuntuna mína; þá gerir hann þér ekkert mein og taktu svo úr kistunni eins mikið gull og þú vilt.

Dátinn: Það væri ekki svo vitlaust. En hvað á ég að gefa þér gamla kerlingarnorn! Eitthvað mun kerling vilja hafa fyrir snúð sinn, geri ég ráð fyrir.

Kerling: Nei ekki einn skilding vil ég hafa. Þú átt aðeins að ná fyrir mig í gömlu eldfæri sem hún amma mín gleymdi, þegar hún var þar niðri síðast.

Dátinn: Jæja þá best ég fái reipið yfrum mig,

Kerling: Hérna er það og hérna er blátíglótta svuntan mín

Dátinn: Þú ert fallegur karl.

Dátinn: Þú ættir ekki að glápa svona á mig, þér gæti orðið illt í augunum.

Dátinn: Nei, það var nú ljóta sjónin.

Dátinn: Gott kvöld.

Dátinn: Drottinn dýri! Svakalega er mikið af gulli. Ég get keypt alla höfuðborgina, alla þá sykurgrísi, sem kryddbrauðssölukonurnar höfðu á boðstólum, alla þá tindáta og rugguhesta, sem til voru í heiminum. Vá þetta eru miklir peningar.



Dátinn: Dragðu mig upp, gamla kerlingarnorn!

Kerling: Ertu með eldfærin?

Dátinn: Æ, nei ég var alveg búinn að gleyma þeim.

Dátinn: Hvað ætlarðu að gera við þessi eldfæri?

Kerling: Það varðar þig ekkert um, þú ert búinn að fá peningana. fáðu mér nú eldfærin orðalaust.

Dátinn: Segðu mér undir eins, til hvers þú ætlar að nota eldfærin eða ég dreg út korðann og hegg af þér höfuðið.

Kerling: Nei, það geri ég ekki.

Dátinn: Áttu mat og herbergi handa mér, ég á nefnilega sand af seðlum.

Þjóninum: Allveg sjálfsagt. Hefur þú heyrt um prinsessuna sem er svo ljómandi fríð og yndisleg?

Dátinn: Nei. Hvar getur maður fengið að sjá hana?

Þjónn: Það er alls enginn kostur á að sjá hana, hún býr í stórri koparhöll, sem lokuðuð er af með mörgum múrum og turnum. Enginn fær að gangur út og inn, nema konunginum, en það er nú sökum þess, aðspáð hefur verið, að það liggi fyrir henni að giftast sléttum og réttum dáta, en það vill kóngurinn ekki hafa."

Dátinn: Gaman þætti mér að sjá hana.

Varðmaður 1: Nú lifði dátinn fjörugt, fór í leikhúsið, ók í konungstrjágarðinum og gaf fátæklingum mikla peninga, og var það fallega gert af honum; hann vissi af gamalli reynslu, hvað það er bággt að eiga ekki nokkurn skilding. Hann var nú ríkur, átti fallegan fatnað, og hændust að honum margir vinir, og allir sögðu, að dæmalaust væri hann nú vænn, og einstakt prúðmenni, og það þótti honum gott að heyra. En af því að honum eyddust peningar á degi hverjum, en engir bættust aftur í staðinn, þá fór svo, að á endanum átti hann ekki eftir nema einn tvískilding og varð að flytja sig burt úr fallegu herbergjunum, þar sem hann hafði verið, og fá sér húsnæði í ofurlítilli kytru uppi undir þaki og burstu stígvélin sín sjálfur og staga þau saman, og ekki kom þar nokkur inn til hans af vinum hans, því það voru svo mörg stigaprepin að ganga upp og ofan.

Varðmaður 2: Eitt kvöld er hann sat í kolniðamyrkri og hafði ekki einu sinni efni á að kaupa sér kerti, þá rifjaðist allt í einu upp fyrir honum, að það lá ofurlítill kertisstubbur í eldfæraeskinu, sem hann hafði tekið í hola trénu að beiðni galdrakerlingarinnar. Hann tók þá upp eldfærin með kertisstubbum, en í sama bili og hann sló eld og neistarnir hrutu úr tinnunni, þá hrukku upp dyrnar, og stóð frammi fyrir honum hundurinn, sá hinn sami sem hann fyrr sá niðri í trénu, hundurinn með augun, sem voru eins stór og undirskálar.

Hundur: Hvað vill herra minn gera láta?

Dátinn: Hvað er þetta. Þetta eru skemmtileg eldfæri, ef ég get fengið hvað sem ég vil. Útvegaðu mér dálítið af peningum.

Varðmaður 1: Nú vissi dátinn hvílík ágætis eldfæri þetta voru; slægi hann einu sinni, þá kom hundurinn, sem sat á eirpeningakistunni, slægi hann tvisvar, þá kom hundurinn, sem hafði silfurpeningana, og slægi hann þrisvar, þá kom sá sem gullið hafði. Flutti nú dátinn sig aftur í



fallegu herbergin og komst aftur í fallegu fötin, og þá jafnharðan þekktu vinirnir hann aftur, og þá þótti þeim svo dæmalaust vænt um hann.

Dátinn: Undarlegur er það að maður skuli ekki mega fá að sjá kóngsdótturina, hún kvað vera svo ljómandi falleg, það segja þeir allir. En hvaða gagn er að því, ef hún verður alltaf að sitja innilokuð í stóru koparhöllinni með turnana? Er þá ómögulegt, að ég geti fengið að sjá hana? Hvar eru nú eldfærin mín?"

Dátinn: Það er reyndar komið fram á miðja nótt, en mig langar svo ákaflega til að sjá kóngsdótturina, þó það væri ekki nema rétt allra snöggvast. Er það nokkuð mál?

Dátinn: Mikið ert þú falleg, ég bara verð að kyssa þig.

Prinsessa: Mikið dreymdi mig undarlegan draum, það var um hund og dáta. Ég sat á baki hundsins og dátinn kysst mig.

Drottningin: Það er dáfallegt að heyra, eða hitt þó heldur. Hirðkona komdu strax. Þú átt að vaka við rúm kóngsdótturinnar næstu nótt, til þess að komast að því, hvort þetta væri draumur eða ekki.

Varðmaður 2: Dátann langaði nú fram úr öllu lagi til að sjá aftur kóngsdótturina fallegu, og kom þá hundurinn um nóttina, tók kóngsdótturina og hljóp með hana eins og hann gat hraðast, en hirðkonan gamla fór í vaðstígvél og hljóp engu hægara á eftir. Hún sá að þau hurfu inn í stórt hús.

Hirðkona: Nú veit ég hvar það er og ætli það sé ekki best að setja stóran kross á dyrnar. Þá rata ég aftur. Sniðug er ég.



Varðmaður 1: Já hún var sniðug en hundurinn var sniðugri því þegar hann sá að kross hafði verið settur á dyrnar þar sem dátinn var til húsa, þá tók hann líka krítarmola og setti kross á allar húsdyr í allri borginni, og var það kænlega gert, því nú gat hirðkonan ekki fundið réttu dyrnar, þegar kross var á þeim öllum.

Varðmaður 2: Snemma morguns komu kóngur og drottning, hirðkonan gamla og allir höfuðsmennirnir til að gá að, hvar kóngsdóttirin hefði verið um nóttina.

Konungur: Þarna er það.

Drottningin: Nei, þarna er það vinur minn.

Hirðkona: Nei þarna.

Varðmaður 1: En drottningin var stórvitur kona, sem fleira kunni en að aka í dýrum vagni. Hún tók stóru gullskærin sín, klippti sundur stóran silkidúk og saumaði úr stykkjunum poka. Pokann fyllti hún fínustu bókhveitigrjónum og batt hann á bak kóngsdótturinni, klippti síðan gat á pokann, til þess að grjónin skyldu sáldrast niður alla leiðina, þar sem kóngsdóttirin færi um.

Varðmaður 2: Um nóttina kom hundurinn aftur, tók kóngsdótturina á bak sér og hljóp með hana til dátans, sem þótti svo vænt um hana og vildi svo feginn, að hann hefði verið konungborinn sjálfur, til þess að geta eignast hana fyrir konu. Hundurinn varð ekkert var við, hvernig grjónin sáldruðust niður alla leiðina frá höllinni og þangað sem dátinn var til húsa. Morguninn eftir sáu þau kóngur og drottning, hvardóttir þeirra hafði verið, og létu þá taka dátann og setja hann í svartholið.

Dátinn: Hvað geri ég nú?

Varðmenn: Á morgun verðurðu hengdur.



Dátinn: Heyrðu, skóarapiltur! Þú þarft ekki að flýta þér svona ákaflega ekkert verður gert, hvort sem er, fyrr en ég kem; en ef þú vilt hlaupa fyrir mig þangað, sem ég hef verið til húsa, og sækja eldfærin mín, þá skaltu fá fjóra skildinga, en þú verður að taka duglega til fótanna.

Skóarapilturinn: Já, já ég skal gera það.

Dátinn: Hvernig er það er það ekki siður að veita sakamanni ósk sína á undan aftökunni, ef óskin er meinlaus. Mig langar svo mikið til að reykja eina pípu, er það ekki í lagi?

Konungurinn: Jú, jú. Það hlýtur að vera í lagi.

Dátinn: Hjálpið þið mér nú, svo ég verði ekki hengdur.

Konungur: Nei, þetta vil ég ekki hafa. Best að flýja. Komdu drottning.

Fólkið: Þú skalt vera kóngurinn okkar og eiga fallegu kóngsdótturina.

Maður: Kóngsdóttirin var leyst úr koparhöllinni og varð drottning, og þótti henni ekki margt að því. Brúðkaupið stóð yfir í átta daga, og sátu hundarnir þar með öðrum til borðs og gláptu stórum augum.



Persónur og leikendur

Dátinn..

Kerling:

Hundur

Hundur

Hundur

Þjónn

Varðmaður

Varðmaður

Prinsessa

Drottning

Kóngur

Hirðkona

Skóarpiltur

Fólk

Leikum af list.is / Rannveig Þorkelsdóttir©2008